

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

*Óveruleg breyting á deiliskipulaginu „Stykkishólmur miðbær – reitur austan Aðalgötu“.*

Þann 26. janúar 2023, samþykkti bæjarstjórn sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar (nú Sveitarfélagið Stykkishólmur) tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulaginu „Stykkishólmur miðbær – reitur austan Aðalgötu“ í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var grenndarkynnt og bárust engar athugasemdir við hana.

Deiliskipulagsbreytingin felst í breytingu á byggingarheimild fyrir nýjar svalir á íbúðarhús við Austurgötu 6 sem ná út fyrir byggingarreit.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Stykkishólmi, 24. mars 2023.*

**Kristín Þorleifsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 31. mars 2023